



## Árþing Tennissambands Íslands árið 2016

28. árþing Tennissambands Íslands haldið miðvikudaginn 21. apríl í sal ÍSÍ í Laugardalnum á 3.hæð kl. 18:00.

### Dagskrá:

1. Þingsetning kl. 18:00.
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.  
Hafsteinn fundarstjóri  
Bragi ritari
3. Kosnar fastar nefndir:
  - a) 3 menn í kjörbréfanefnd.  
Guðmundur, Raj og Gunnar
  - b) 3 menn í fjárhagsnefnd.
  - c) 3 menn í laga- og leikreglnanefnd.
  - d) 3 menn í allsherjarnefnd.
  - e) 3 menn í kjörnefnd.Tillaga um að starfa í einni málstofu samþykkt.
4. Skýrsla stjórnar og fundargerð síðasta árþings.  
Helgi benti mönnum á fundargögn og flutti skýrslu stjórnar.  
Helgi lýsti ánægju með gott starf og árangursríkt.

Kjörbréfanefnd lauk störfum, eftirtaldir viðurkenndir sem fulltrúar á þinginu:

Tennisfélag Kópavogs  
Helgi Þór Jónasson  
Ásta M. Kristjánsdóttir  
Gunnar Finnbjörnsson  
Björn Jónasson  
Jónas Páll Björnsson  
Jón Axel Jónsson  
Til Vara

Sigurjón Ágústsson  
Júliana Jónsdóttir

BH  
Rut Ólafsdóttir

Tennisdeild Þróttar  
Indriði H. Þorláksson  
Bragi Leifur Hauksson  
Guðmundur Björnsson  
Berglind Bragadóttir  
Þrándur Arnþórsson

Tennisfélag Garðabæjar  
Eyþór Þórhallsson  
Luigi Bartolozzi

ÍBR  
Óskar Knudsen  
Raj K. Bonifacius

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Á meðan fólki gafst kostur á að skoða reikningana, þá ávarpaði Gunnlaugur Júlíusson þingið fyrir hönd stjórnar ÍSÍ og lýsti ánægju með starfið og að fá að fylgjast með því. Tennis frábær íþrótt fyrir almenning. Íþróttir ekki bara fyrir afreksfólk.

Smáþjóðaleikarnir heppnuðust mjög vel.

Ólympíuleikarnir framundan.

Fjármálin eru mikilvæg og mikilvægt að tryggja að Lottópeningar fari áfram til íþróttahreyfingarinnar, en fleiri hafa verið að seilast í þá peninga.

Að lokum óskaði hann Tennissambandinu farsældar.

Reikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.  
Helgi fór yfir áætlunina, en lagt er upp með 1 milljón í afgang, enda síðasta ár þungt vegna fjölmargra viðburða.
7. Lagðar fram tillögur um laga- og leikreglnabreytingar ef fram koma.  
Engar tillögur komu fram.
8. Umræður um tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.  
Ásta kynnti afreksstefnuna.

Umræða um afreksstefnuna

Raj fór yfir að miklar þælingar hefðu verið undanfarin ár varðandi afreksstefnu.

Aðstaðan gríðarlega mikilvæg. Kannski ekki nógu metnaðarfullt að ætla að bara að koma spilara í hóp 1000 bestu. Það þarf talsverða peninga í þetta. Lágmark fyrir einstakling sem keppir að þessu að fá 5 m.kr. til ferðalaga á ári. Tekist hefur betur að

laða fólk að ýmsum öðrum íþróttum, t.d. fimleikum. Frammistaða okkar í tennis er samt ekki lakari en fimleikafólks á heimsmeikvarða.

Helgi Þór tók undir umræðuna um að aðstaðan væri slök. Staðum okkur bara vel miðað við fólksfjölda.

Indriði benti á að miðað við fólksfjölda ættum við í sjálfu sér litla möguleika á að ná mönnum í topp 1000. Ein orðalagsbreyting samþykkt.

Hafsteinn benti á að kannað hefði verið hver uppruni afreksfólks í tennis er. Það er ekki endilega þar sem aðstaðan er best, heldur þar sem það er sál í starfseminni og fólk sem vinnur að þessu af lífi og sál!

Rut hvatti til þess unnið væri meira með félögunum og sveitarfélögunum. Slæmt að ekki skyldi reist höll í Reykjavík fyrir smábjóðaleikana.

Tennisinn virðist ekki njóta mikils velvilja, þrátt fyrir miklar vinsældir í heiminum.

Pólítísk tengsl virðist vanta. Lóð í Laugardalnum fyrir höll, en ekkert gert.

Hafsteinn leggur til að afreksstefnan verði endurskoðuð reglulega, t.d. eftir 2 ár.

Afreksstefnan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Umræða um fjárhagsáætlun

Spurt um aðgengi félaga að útbreiðslustyrk. Já, svo er.

Raj benti á að til þess að komast inn á heimslista þurfi að taka þátt í mótum erlendis með tilheyrandi kostnaði. Liðurinn Afreksmál og styrkir m.a. hugsaður til þess.

Spurt hvort fólk telji að milljón í afgang náist? Ekki gert ráð fyrir ófyrirséðu.

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

### *Þinghlé*

9. Nefndarálit um tillögur lögð fram og atkvæðagreiðslur um þær. Engin nefndarálit.

10. Önnur mál.

Raj lagði til að efla íþróttina með liðakeppnum. Badmintonmenn hafa gert það með ágætum árangri. Tekið undir það af Óskari, Jónasi og fleirum. Vísað til stjórnar.

Jónas taldi best að gera þetta á sumrin, svo ekki væri allt inni í höll!

Unnið að stækkun tennishallarinnar. Skipulagsnefnd í Kópavogi hefur verið erfið, en nú hefur verið skipt um hana. Von um betri tíð. Þetta er í raun borið uppi af mörgum sveitarfélögum. Rekstargrundvöllurinn byggir kannski á óbreyttu ástandi, þ.e. engin tennishöll í Reykjavík. Þjálfaramálin í ágætu standi og tennisinn á mikið inni.

Helgi nefnir vöxtinn sem hefur verið í golfinu, sama ætti að geta gerst hér því margir hafa kynnst íþróttinni erlendis.

Rut nefndi að áhugasamir trimmarar láti sig hafa það að spila á hroðalegum völlum.

Hafsteinn nefndi að e.t.v. væri hægt að kaupa ónýtta skemmu eða annað húsnæði.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og fulltrúa á íþróttaping.

Ásta sjálfkjörin formaður

Bragi og Berglind sjálfkjörin til tveggja ára

Raj sjálfkjörinn til eins árs

Gunnar var í fyrra kjörinn til tveggja ára og situr áfram  
Varamenn Jónas, Carola og Rut sjálfkjörin  
Skoðunarmenn reikninga Indriði og Guðmundur

12. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Ákveðið að birta á vefnum og óska eftir athugasemdum

13. Þingslit.

Ásta þakkaði traustið, er mjög mótiþveruð fyrir þessu og telur okkur geta unnið vel.  
Hafsteinn sæmdi Helga, fráfaraandi formann gullmerki ÍSÍ  
Hafsteinn slítur þinginu